

Föstudaginn 18. desember 1964.

Nr. 108/1963. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

**Sveini Sigursteinssyni og gagnsök**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

**Dómendur:**

**hæstaréttardómararnir Gísur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodór B. Lindal.**

Stjórnsýsla. Ríkisstarfsmaður átti rétt til launa sex mánuði, eftir að staða hans var lögð niður, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1963. Krefst hann aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, en til vara, að gagnáfrýjanda verði aðeins dæmdar bætur, að fjárhæð kr. 5.607.84, auk 6% orlofs af þeirri fjárhæð með 7% ársvöxtum frá 1. september 1962 og málskostnaður verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 3. september 1963, gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 31.505.58 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. september 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt vottorði ríkishókhaldsins, er í héraðsdómi getur, tók gagnáfrýjandi, er staða hans var lögð niður, hámarkslaun IX. launaflokks laga nr. 92/1955, sem voru hinn 1. júní 1962 kr. 6.783.00 á mánuði.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ýmis ný gögn, þar á meðal greinargerð um störf í flugvélaafgreiðslu, bréf flugmálastjórans á Keflavíkurflugvelli, dags. 16. ágúst 1957, sem hefur að geyma nokkrar upplýsingar um laun varðstjóra flugvélaafgreiðslu, og vottorð flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli, dags. 10. desember 1963.

Í bréfi flugmálastjóra segir: „Þegar hin nýju launalög gengu í gildi, voru laun varðstjóra mismunandi í hinum ýmsu deildum, þó að störf þeirra væru mjög hliðstæð.

Þessar ráðstafanir voru orsök mikillar óánægju, og engum þótti vera grunnur fyrir þessum mismun. Til að jafna þetta gaf flugvallarstjórinn leyfi (munnlegt) til þess, að varðstjórum flugvélaafgreiðslu væri bættur mismunur með eftirvinnutímum, sem nægðu til að jafna laun þeirra til samræmis við aðra varðstjóra flugmálastjórnarinnar“.

Samkvæmt vottorði flugvallarstjórans voru gagnáfrýjanda „greidd laun umfram fastakaup eftir lausn fyrir þrjá mánuði sem hér segir:

Staðaruppbót .....	kr. 3.300.00
Föst aukavinna .....	— 2.915.94
Næturlag .....	— 3.157.32.“

Í 14. gr. laga nr. 38/1954 segir, að sé staða lögð niður, skuli starfsmaður „jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði, frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár“. Ákvæði þetta tekur eigi til aukagreiðslna þeirra, er að framan getur, né til orlofsfjár.

Greint lagaákvæði gerir ráð fyrir, að starfsmaður, sem lætur af störfum, er staða hans er lögð niður, fái greidd laun fyrir hvern umræddan mánuð fyrir sig. Í samræmi við þetta þykir gagnáfrýjanda bera þau mánaðarlaun, er greidd voru samkvæmt IX. launaflokki laga nr. 92/1955, þ. e. kr. 6.783.00.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda greind laun, kr. 6.783.00, í þrjá mánuði, samtals kr. 20.349.00, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 6.783.00 frá 1. september 1962, af kr. 13.566.00 frá 1. október 1962 og af kr. 20.349.00 frá 1. nóvember 1962 til greiðsludags. Þá ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

## Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Sveini Sigursteinssyni, kr. 20.349.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 6.783.00 frá 1. september 1962, af kr. 13.566.00 frá 1. október 1962 og af kr. 20.349.00 frá 1. nóvember 1962 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 8.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júní 1963.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. f. m., hefur Sveinn Sigursteinsson, Njálsgötu 86, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, dags. 14. desember 1962, gegn fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 30.296.22, með 8% ársvöxtum frá 1. september 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi kröfu sína upp í kr. 31.505.58.

Stefndi krefst algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins. Þá er kröfufjárhæðinni mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda sem of hárrí.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi Utanríkisráðuneytisins, varnarmáladeildar, var stefnandi máls þessa ráðinn hleðslustjóri í flugvélaafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli frá 1. júlí 1957 að telja. Var í bréfi þessu tekið fram, að uppsagnarfrestur skyldi vera 3 mánuðir.

Með bréfi flugmálastjórnarinnar, Keflavíkurflugvelli, dags. 20. janúar 1961 og undirrituðu af flugvallarstjóra, var stefnanda tilkynnt, að vegna endurskipulagningar á starfsemi flugvélaafgreiðslu og flugumsjónardeildar hinn 1. febrúar 1961 mundi heiti starfa stefnanda eftirleiðis verða verkstjóri, en verksvið hans yrði samt með svipuðu sniði framvegis og verið hefði. Þá er í bréfi þessu tekið fram, að Utanríkisráðuneytið hefði með tilliti til þessa falið flugvallarstjóra að afturkalla ráðningarbréf stefnanda og gefa út nýtt. Í hinu nýja ráðningarbréfi, sem undirritað er af flugvallarstjóra, er tekið fram, að stefnandi sé ráðinn verkstjóri í flugumsjónardeild á Keflavíkurflugvelli frá 1. febrúar 1961 að telja. Þá er í ráðningarbréfinu tekið fram, að uppsagnar-

frestur skuli vera 3 mánuðir af beggja hálfu og laun samkvæmt launalögum.

Ríkisstjórn Íslands ákvað að hætta rekstri flugumsjónardeildar frá og með 1. júní 1962 og fela Loftleiðum h/f starfrækslu deildarinnar frá og með sama tíma. Í því tilefni ritaði flugvallarstjóri stefnanda bréf hinn 26. maí 1962 og tilkynnti stefnanda, að hann væri leystur frá störfum frá og með 1. júní 1962. Í bréfi þessu var jafnframt tekið fram, að stefnanda yrðu greidd föst laun samkvæmt lögum í þrjá mánuði frá 1. júní 1962 að telja. Loks var í bréfi þessu tekið fram, að ekkert mundi vera því til fyrirstöðu, að Loftleiðir h/f réðu stefnanda til starfa á sínum vegum eftir nánara samkomulagi milli stefnanda og félagsins. Samkvæmt upplýsingum frá lögmanni stefnanda mun stefnandi hafa starfað hjá Loftleiðum h/f júní- og júlímánuði 1962 við sömu störf og hann hafði áður, en hætt þá vegna ágreinings við félagið.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að hann eigi kröfu til 6 mánaða launa, frá því að hann lét af störfum, samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar sem stefndi hafi aðeins greitt þriggja mánaða laun, telur stefnandi, að stefndi eigi ógoldin þriggja mánaða laun.

Stefnandi kveðst miða kröfur sínar við þau laun, sem honum hafi verið greidd „síðasta uppsagnarmánuðinn“, og sundurliðar kröfur sínar þannig:

- |  |              |
|--|--------------|
| 1. Fast mánaðarkaup skv. launalögum .. | kr. 6.783.00 |
| 2. Mánaðarleg staðaruppbót .....       | — 1.100.00   |
| 3. Föst mánaðarleg aukavinna .....     | — 971.98     |
| 4. Mánaðarlegt næturlag .....          | — 1.052.44   |

en kröfufjárhæðin nemi samanlögðum þreföldum þessum upphæðum, að viðbættu 6% orlofi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnanda hafi verið sagt upp með löglegum hætti, þar sem við ráðningu stefnanda hafi gagngert verið tekið fram í ráðningarbréfi, að uppsagnarfrestur væri 3 mánuðir. Hafi þetta ráðningarskilyrði verið sérstaklega ítrekað í bréfi til stefnanda 20. janúar 1961. Telur stefndi, að í 1. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 sé skýlaus heimild til að setja ákvæði um uppsögn o. fl. „í ráðningarsamninga forstjóra atvinnufyrirtækja, er ríkið rekur“. Telur stefndi augljóst, að sú heimild gildi ekki síður um lægra setta starfsmenn, enda sé tilgangur laganna ber-

sýnilega sá að gera greinarmun á slíkum atvinnurekstri og venju-  
legum stjórnarframkvæmdum, en í þessu tilfelli sé ótvírætt um  
atvinnufyrirtæki að ræða.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi  
hafi aldrei gert neina athugasemd við það ákvæði ráðningarbréfs  
hans, að segja mætti honum upp með þriggja mánaða fyrirvara.  
Hafi stefnandi vitað um ákvæði þetta árum saman, en aldrei  
andmælt því. Svo langvarandi aðgerðarleysi gagnvart jafn aug-  
ljósu atriði verði ekki skilið öðruvísi en sem viðurkenning stefn-  
anda á því, að hann meti uppsagnarákvæðið gilt og telji sig af  
því bundinn.

Þá er í þriðja lagi á það bent af hálfu stefnda, að í bréfi flug-  
vallarstjóra Keflavíkurflugvallar til stefnanda, dags. 26. maí 1962,  
hafi honum verið tjáð, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að hann  
yrði ráðinn til starfa á vegum Loftleiða h/f, og muni þar hafa  
verið átt við sama starf og hann gegndi áður. Ekki sé vitanlegt,  
að stefnandi hafi sinnt boði þessu hið minnsta, og séu kröfur  
hans um bætur vegna þess að starfið hafi verið lagt niður þegar  
af þeirri ástæðu fráleitar.

Loks er stefnufjárhæðinni mótmælt af hálfu stefnda sem órök-  
studdri og því sérstaklega mótmælt, að til mála komi, að stefn-  
andi geti átt frekari kröfur en sem svari föstum launum sam-  
kvæmt launalögum.

Ágreiningslaust er með aðiljum, að stefnandi hafi verið starfs-  
maður ríkisins í skilningi laga nr. 38/1954. Þá eru aðiljar einnig  
sammála um að leggja til grundvallar í máli þessu, að stefnandi  
hafi þegar fengið greidd laun í þrjá mánuði, þannig að einungis  
sé deilt um, hvort hann eigi rétt á launum í þrjá mánuði í við-  
bót. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ákvæði 14. gr.  
nefndra laga verði ekki beitt um tilvik það, sem mál þetta er  
risið af, þar eð eigi verði talið, að staða stefnanda hafi verið  
lögð niður, þar sem stefnanda hafi staðið þessi sama staða til  
boða á vegum Loftleiða h/f. Eigi verður fallizt á þessa skoðun  
stefnda, þar sem telja verður ótvírætt, að starfsmaður ríkisins  
eigi, þegar staða hans á vegum ríkisins er lögð niður, rétt til bóta  
samkvæmt ákvæðum 14. greinar, þótt starfi sá, sem stöðunni  
fylgdi, verði framvegis ræktur á vegum annars aðilja en ríkisins.  
Verður sýknukrafa stefnda, sem byggð er á þessum röksemdum,  
því ekki tekin til greina. Þar sem líta verður svo á samkvæmt  
framan sögðu, að staða stefnanda hafi verið lögð niður, verður  
að telja, að stefnanda hafi samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954

borið föst laun, sem starfanum fylgdu, í sex mánuði frá því að hann lét af starfi, enda verður eigi talið, að áðurgreind uppsögn í samræmi við uppsagnarákvæði í ráðningarbréfum stefnanda geti skert rétt hans til launa samkvæmt reglum nefndrar laga- greinar.

Samkvæmt framansögðu verður að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi þegar fengið greidd laun í þrjá mánuði, en eigi er upplýst, hverri fjárhæð þau hafi numið. Á stefnandi því kröfu á greiðslu fastra launa, sem stöðunni fylgdu, í þrjá mánuði í viðbót, enda hefur því eigi verið haldið fram af hálfu stefnda, að í launum þeim, sem stefnanda hafa þegar verið greidd, séu fólgnar fjárhæðir, sem koma eigi til frádráttar kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi hefur hvorki gert grein fyrir tilhögun á störfum þeim, sem hann hafði með höndum í stöðu sinni á vegum ríkisins, né heldur, hvernig greiðslum þeim var háttað, sem um ræðir í 2.—4. lið kröfu hans. Verður því eigi talið, að stefnandi hafi sýnt fram á, að stöðu hans hafi fylgt hærri föst laun en hámarkslaun IX. flokks launalaga, en samkvæmt vottorði frá ríkisbókhaldinu tók stefnandi þau laun, og námu þau, er stefnandi lét af störfum í lok maí 1962, kr. 6.095.48. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þrefalda þá upphæð, eða kr. 18.286.44, en eigi verður fallizt á, að hann eigi samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 rétt til að fá einnig 6% orlofsfé af þeirri upphæð.

Úrslit máls þessa verða því þau, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 18.286.44 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1962 til greiðsludags og málskostnað, sem ákveðst kr. 2.800.00.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sveini Sigursteinssyni, kr. 18.286.44 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1962 til greiðsludags og kr. 2.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---